

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Landsnet hf.
kt. 580804-2410

Starfsstöð: Tengivirki á Dalbraut 4, 735 Eskifirði
Fastanúmer: 226-7164

Leyfið gildir frá 30. september 2020 til 30. september 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir stóra spennistöð
skv. lið 9.2 í viðauka X með reglugerð 550/2018 m.s.br.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Landsnet hf.
kt. 580804-2410

Starfsstöð: Tengivirki á Dalbraut 4,
735 Eskifjörður

Fastanúmer 226-7164

Leyfið gildir frá 30. september 2020 til 30. september 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **stóra spennistöð**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 10. júlí 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*
- *Reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.*

1. Skilyrði sem gilda

Um er að ræða 132 kV tengivirki með tveimur aflspennum.

Um starfsemina gilda m.a..

- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir stórar spennistöðvar, eftir því sem við á*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

2.1. Mengunarvarnir fráveitu

Spennar eru tveir talsins.

- Spennir 1 – 50 MVA – Olíumagn: 28.500 L
- Spennir 2 – 50 MVA – Olíumagn: 28.500 L

Spennarnir eru staðsettir innandyrna og standa hver um sig á lekaþró. Þrærnar eru samtengdar og rúma samtals 44.000 L.

Sjálfvirkur sívöktunarbúnaður er á spennum sem lætur vita ef olía lækkar á spennum.

2.2. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

2.3. Efnavara

Efnavöru skal haldið í lágmarki í aðstöðunni.

3. Handbók innra eftirlits

3.1. Tæknilegar upplýsingar

Upplýsingar um helstu mannvirki skulu vera tiltækar á starfstöðinni sem og spenna, tegund og magn einangrunarolíu, lagnakerfi, mengunarvarnir, fjöldi háspennurofa, tegund og magn gróðurhúsaloft-tegunda/ósoneyðandi efna eftir því sem við á.

3.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúa í eftirliti.

Skrá skal og dagsetja innra eftirlit með eftirtalin atriði ef við á.

- Magn rýrnunar einangrunarolíu
- Magn rýrnunar ósoneyðandi efna
- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á lekaþró og tækniþúnaði sem varnar olíumengun
- Prófanir á sjálfvirkum búnaði
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim

4. Annað sem varðar starfsemina

4.1. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

4.2. Lóð og umhverfi

Lóð skal vera afgirt og læst.

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

5. Mengunaróhöpp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

6. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olúskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

30. september 2020

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

30. september 2020

Landnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir tengivirki að Dalbraut 4, 735 Eskifirði

Umsókn um starfsleyfis fyrir 132 kV tengivirki að Dalbraut 4 á Eskifirði barst 10.7.2020. Umsækjandi er Landsnet hf., kt. 580804-2410.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 1. september sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 29. september 2020.

Þar sem annar rekstraraðili er með samskonar starfsemi á sömu lóð var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar meiriháttar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamál fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.